

Alþingi
Erindi nr. P 140/2388
komudagur 11.5.2012



Borgartúni 26, 105 Reykjavík
sími 444-3000
www.skeljungur.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2012.
Tilvísun: þskj. 1060 - 660. mál

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum (áburðareftirlit, fóðureftiriit, þvingunarúrræði og viðurlög).

Með tölvupósti, dags. 3. maí 2012, var óskað eftir umsögn Skeljungs hf. varðandi framangreinda lagabreytingu. Athugasemdir félagsins eru eftirfarandi.

Athugasemdir við einstök ákvæði:

a) 7. gr. a. (7. gr. k): Vottorð um kadmíuminnihald hveggjar áburðartegundar fyrir sig.

Að mati Skeljungs er skilyrði um framlagningu vottorðs ekki nægilega skýrt. Spurningar vakna um það hvernig vottorð eigi að leggja fram. Er þetta yfirlýsing án frekari gagna eða eru þetta rannsóknarniðurstöður rannsóknarstofu og ef svo er, eiga einhver frekari skilyrði að gilda um það hvernig sýnatöku eða greiningu skal háttáð og hve gömul hún megi vera o.s.frv.?

b) 7. gr. b. (7. gr. l.): tilkynning um breytingu á hráefnum, efnainnihaldi eða eiginleikum áburðar.

Í 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að Matvælastofnun hafi heimild til að stöðva markaðssetningu áburðar þar til að stofnunin hafi „staðfest með sýnatöku“ að varan sé í samræmi við skráða vörulýsingu, framlögð vottorð eða aðrar upplýsingar um vöruna.

Skeljungur telur ákvæði þetta stangast á við 1. mgr. 29. gr. EB-reglugerðar nr. 2003/2003 um áburð, sem innleidd var með 1. gr. reglugerðar nr. 630/2007 um ólífrænan áburð, sem á stoð sína í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Í umræddri reglugerð eru meðal annars ákvæði varðandi innihald áburðar, það hvernig innihald áburðar skuli gefið upp, þ.e.a.s. ákvæði er snúa að vörulýsingum, leyfileg vikiörk frá innihaldslýsingum og það hvernig innihald áburðar skuli staðreynt. Í 1. mgr. 29. gr. EB reglugerðarinnar, sem fjallar um eftirlitsráðstafanir, segir:

Aðildarríkjum er heimilt að fella áburð, sem er merktur EB-áburður, undir opinbert eftirlit í þeim tilgangi að sannreyna að hann sé í samræmi við þessa reglugerð.

Aðildarríkjum er heimilt að krefjast þóknunar sem er ekki umfram kostnað við prófanir sem eru nauðsynlegar vegna þessara eftirlitsráðstafana en það skuldbindur framleiðendur ekki til að endurtaka prófanir eða greiða fyrir endurtekna prófanir hafi fyrsta prófunin verið framkvæmd af rannsóknarstofu, sem uppfyllir skilyrðin skv. 30. gr., og hafi sú prófun sýnt að viðkomandi áburður sé í samræmi við ákvæðin. [undirstrikun undirritaðs]

Rannsóknarstofa sem uppfyllir skilyrði skv. 30. gr. er rannsóknarstofa sem uppfyllir staðla V. viðauka reglugerðarinnar og er á skrá yfir samþykktar rannsóknarstofur aðildarríkja EES. Skeljungur telur að sé staðfest af slíkri rannsóknarstofu að innihald áburðar sé í samræmi við vörulýsingu sé út frá framangreindu ákvæði ekki hægt að stöðva markaðssetningu að nýju eftir að áburðurinn er komin til landsins, þar til að Matvælastofnun hafi *einnig* staðfest með sýnatöku að áburðurinn sé í samræmi við vörulýsingu.

Telur Skeljungur auk þess þörf á því að tekið sé skýrt fram í lögnum sjálfum að sýnataka rannsóknarstofa samkvæmt 30. gr. nefndrar reglugerðar sé jafngild sýnatöku Matvælastofnunar.

- c) 7. gr. c. (7. gr. m.): tilkynningaskylda vegna áburðar sem getur haft áhrif á heilbrigði dýra eða plantna

Hér er mat á því hvort notkun áburðar geti haft áhrif á heilbrigði dýra eða plantna eða orðið þess valdandi að matjurtir eða dýraafurðir verði óhæfar til manneldis lagt á stjórnanda áburðarfyrirtækis. Skeljungur telur eðlilegt að skýrar sé á um það kveðið hvernig slíkt mat skuli fara fram og hvort og þá hvaða ráðstafana stjórnendur skuli grípa til við slíkt mat. Sér í lagi þegar litið er til þess að brot gegn ákvæðinu getur varðað sektum eða fangelsi.

- d) 7. gr. d. (7. gr. n.): ábyrgð á því að uppfylltar séu kröfur laga og stjórnvaldsreglna.

Skeljungur telur að skýrar þurfi að taka fram hvaða kröfur eru gerðar til stjórnanda áburðarfyrirtækis varðandi sannprófun á því hvort kröfur laga og stjórnvaldsreglna séu uppfylltar. Sér í lagi þegar litið er til þess að brot gegn ákvæðinu getur stjórnendurna varðað sektum.

- e) 7. gr. e. (7. gr. o.): áhættugreining.

Að mati Skeljungs er óljóst hvað felst í þessu ákvæði og hvaða skyldur það leggur á áburðarfyrirtæki og stjórnendur þeirra. Þá virðist ekki litið til þess þegar um innflutning áburðar er að ræða. Stjórnendur innlendra áburðarfyrirtækja geta haft takmörkuð áhrif á framleiðsluaðferðir erlendra framleiðenda áburðar, sem eru hins vegar bundnir af lögum og reglum sinna heimalanda.

- f) 9. gr. (1. málsl. 2. mgr. 9. gr.): afmengun áburðar.

Skeljungur telur að áburðarfyrirtæki skulu hafa val um það hvort áburði sé fargað eða hvort hann sé afmengaður, gefi Matvælastofnun heimild fyrir afmengun áburðarins. Afmengun áburðar getur verið meira íþyngjandi en förgun hans og er því eðlilegt að fyrirtækin hafi þetta val.

- g) 11. gr. b. (9. gr. e.): sektir eða fangelsi.

Varðandi staflið b., þá fær Skeljungur ekki séð hvernig brotið verði gegn því að hafa ábyrgð á því að efnainnihald og eiginleikar vöru séu ekki í samræmi við skráða vörulýsingu.

Ef litið er svo á ákvæðið að það eigi við brot gegn því að efnainnihald og eiginleikar vörunnar séu í samræmi við skráða vörulýsingu skv. 5. gr. þá telur Skeljungur að hér sé um afar strangt ákvæði að ræða. Oft á tíðum munar afar litlu hvort næringarefni teljist innan eða utan vikmarka og geta tvær greiningar úr sama áburðarsekknnum leitt annars vegar til þess að næringarefni teljist innan vikmarka og hins vegar til þess að næringarefni teljist utan vikmarka. Þá hafi smávægileg frávik frá vikmörkum oftast engin áhrif.

h) 11. gr. c. (9. gr. g.): stjórnvaldssektir á einstakling eða lögaðila

Varðandi staflið b. er vísað til stafliðar g) hér að framan.


Varðandi staflið k. þá telur Skeljungur ákvæði 7. gr. n. of óljóst til þess að stjórnvaldssektir verði lagðar á einstakling eða lögaðila út frá brotum gegn því, sbr. það sem fram kemur í staflið d) hér að framan.

Í lok ákvæðisins kemur fram að einungis sé hægt að skjóta ákvörðun um stjórnvaldssekt til dómstóla. Þá sé málshöfðunarfrestur þrjú mánuðir frá því að ákvörðun var tekin. Engar skýringar eru gefnar á þessari takmörkun í athugasemdum með ákvæðinu. Að mati Skeljungs er hér um óþarfa takmörkun á málskotsrétti að ræða. Þá er það einnig kostnaðarsamara að þurfa að leita til dómstóla en að kæra mál til ráðuneytis. Verði ekki fallið frá þessari takmörkun telur Skeljungur eðlilegra að miða við þrjú mánuði frá birtingu ákvörðunar.

Skeljungur hefur ekki frekari athugasemdir að svo stöddu. Skeljungur þakkar veittan umsagnarrétt.

Með vinsemd og virðingu.

f.h. Skeljungs hf.



Lúðvík Björgvinsson